

RÍKISENDURSKOÐUN



Skatturinn

Endurskoðun 2021

Endurskoðunarskýrsla

September 2022

Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Skattsins fyrir árið 2021. Um er að ræða reikningsskil sameinaðrar stofnunar Ríkisskattstjóra, Tollstjóra og Skattrannsóknarstjóra, en þeirri sameiningu lauk á árinu 2021.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.

Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.


Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ársreikningur Skattsins, áður Ríkisskattstjóra, var síðast endurskoðaður 2018 vegna ársins 2017. Hið sama á við um ársreikning Tollstjórans í Reykjavík, en sú stofnun var sameinuð Ríkisskattstjóra árið 2020. Embætti Skattrannsóknarstjóra var síðan sameinað Skattinum á árinu 2021.

Efnisyfirlit

Inngangur	2	6.3	Niðurstöður	13
1 Lykiltölur úr rekstri ársins 2021	4	7	Endurskoðun rekstrarliða	14
2 Athugasemdir og ábendingar	5	7.1	Tekjur	14
3 Áhættumat og mikilvægi	6	7.2	Tekjur, utan reikningsskila Skattsins	14
4 Fjárveiting og rekstur	7	7.3	Kostnaður	14
4.1 Fjárveitingar og afkoma	7	7.4	Niðurstöður	15
4.2 Fjárveiting – heimild til fjárfestingar	8	8	Endurskoðun efnahagsliða	16
4.3 Rekstraráætlun	8	8.1	Efnahagsreikningur	16
4.4 Niðurstaða	9	8.2	Eignir	16
5 Innra eftirlit	10	8.3	Eigið fé og skuldir	16
5.1 Inngangur	10	8.4	Niðurstöður	17
5.2 Almenn umfjöllun	10	9	Önnur atriði	18
5.3 Verkaskipting og samþykkt útgjalda	10	9.1	Ársreikningur og staðfestingarbréf	18
5.4 Starfsstöðvar	10	9.2	Óhæðisyfirlýsing	18
5.5 Niðurstaða	11			
6 Fylgni við lög og reglur	12			
6.1 Inngangur	12			
6.2 Umfjöllun	12			

1 Lykiltölur úr rekstri ársins 2021



2 Athugasemdir og ábendingar

Gerð var upphafsgreining á ársreikningi Skattsins fyrir árið 2021 og var hún send bæði stofnuninni og Fjársýslu ríkisins. Niðurstöður endurskoðunar ársreikningsins fólu í sér nokkrar athugasemdir og ábendingar, sem komið hefur verið á framfæri við stjórnendur stofnunarinnar. Tekið hefur verið tillit til svara stjórnenda í skýrslunni eftir því sem við á.

Vísað er í einstaka kafla skýrslunnar varðandi nánari yfirferð um ýmis atriði er til skoðunar og til umfjöllunar voru við endurskoðunina.

3 Áhættumat og mikilvægi

Mat á áhættu og mikilvægi eru grundvallarþættir sem horft er til við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar. Þetta merkir að sjónum er sérstaklega beint að áhættusömum og verulegum liðum í reikningsskilunum. Leitast er við að skipuleggja endurskoðunina með skilvirkni í huga, en liður í því er að taka mið af eftirlitsumhverfi Skattsins eins og kostur er. Lögð er áhersla á að yfirfara ferla í tengslum við gerð reikningsskilanna og verulega liði innan þeirra. Markmiðið með þessari yfirferð er meðal annars að afla upplýsinga um eftirlitsaðgerðir stjórnenda og að kanna virkni þeirra.

Eftirfarandi eru þeir liðir hjá Skattinum sem voru taldir skipta mestu máli vegna endurskoðunarvinnu á árinu:



Við skipulagningu endurskoðunar voru mikilvægismörk ákvörðuð sem 2% af gjöldum ársins, eða um 11 milljónir króna. Með mikilvægismörkum er átt

við hámark þeirrar fjármunalegu skekkju sem ekki er talin hafa áhrif á upplýstan lesenda reikningsskilanna. Mikilvægismörk eru því einn af grunnþáttum endurskoðunar og marka meðal annars umfang þeirra endurskoðunargagna sem aflað er. Eftir sem áður er öllum skekkjum, sem finnast og máli skipta, komið á framfæri við stjórnendur

Við mat á áhættu og mikilvægi einstakra fjárlagaliða og stofnana eru jafnframt ákveðnir þættir hafðir til hliðsjónar, m.a. eðli og umfang fjárlagaliðar eða stofnunar, fyrri athugasemdir og fyrirkomulag bókhalds hjá stofnun.

4 Fjárveiting og rekstur

4.1 Fjárveitingar og afkoma

4.1.1 Tekjur samtals

Fjárveiting úr ríkissjóði til Skattsins vegna rekstrar samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2021 nam 7.791,9 m.kr. Jafnframt eru í yfirliti um afkomu tilgreindar 207,8 m.kr. sem rekstrartekjur (seld þjónusta) og 9,8 m.kr. sem framlög og ýmsar tekjur. Að auki er þar færsla frestaðra tekna á móti gjaldfærðum afskriftum fjárfestinga að fjárhæð 127,9 m.kr.

Eftir samráð og skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins varð á árinu nokkur breyting á bókun rekstrartekna stofnunarinnar. Tilflutningur sértekna átti sér stað af liðnum rekstrartekjur (seld þjónusta) yfir til ríkistekna, sem þá tekjufærðust ekki hjá stofnuninni. Þess í stað kom fjárheimild. Að auki var innheimta gjalds vegna afrita af ársreikningum felld niður. Tollafgreiðslugjald var sömuleiðis felld niður á árinu 2021, einkum vegna Covid-faraldursins.

4.1.2 Gjöld og vextir

Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður nam 5.609,6 m.kr. á árinu 2021. Er þar um að ræða hækkun frá fyrra ári sem nemur um 376 m.kr. eða um 7,2%. Samanburðurinn er þó verulega skekkur vegna þess að fjárhæðir úr reikningsskilum Skattrannsóknarstjóra fyrir árið 2020 vantar inn í samanburðarfjárhæðir í ársreikningi Skattsins 2021.

Í ársreikningi Skattrannsóknarstjóra fyrir árið 2020 kemur fram að laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður námu 411,2 m.kr. á því ári. Annar rekstrarkostnaður var að fjárhæð 54,2 m.kr. það ár.

Annar rekstrarkostnaður hjá Skattinum nemur 2.156,3 m.kr. á árinu 2021 og afskriftir 127,9 m.kr. Í sambandi við þróun rekstrarliða á milli áráanna 2020 og 2021 verður eins og áður segir að hafa í huga að Skattrannsóknarstjóri sameinaðist stofnuninni á árinu 2021, en samanburðarfjárhæðir skortir í reikningsskilin þar að lútandi.

Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap námu 1.995,9 þús.kr., en voru einvörðungu rúm þrjú þúsund krónur árið á undan. Skýring þessarar miklu hækkunar vaxtagjalda er sú, að á árinu 2021 voru starfsmanni dæmdar bætur vegna vangoldinna launa frá 1. nóvember 2016, samtals 10.245 þús.kr., en þar af voru dráttarvextir 1.995,9 þús.kr.

4.1.3 Samanburður kostnaðarliða milli ára

Við samanburð kostnaðarliða á milli áráanna 2020 og 2021 verður annars vegar að hafa í huga þá sameiningu stofnana sem átti sér stað á árinu 2021, og svo hins vegar þau margháttuðu verkefni sem Skattinum voru falin í tengslum við viðbrögð við Covid-faraldrinum. Þau verkefni voru þó að miklu leyti unnin bæði árin.

4.1.4 Yfirlit og afkoma

Í töflu 1 má sjá rekstrarafkomu og samanburð á tekjum og gjöldum á árinu 2021 miðað við fjárveitingu ársins.

Tafla 1 Samanburður á fjárveitingum og rekstri 2021

Í þús. kr.	Fjárveiting 2021	Rekstur 2021	Frávik 2021	Rekstur 2020
Rekstrartekjur	-216.585	-217.595	-1.010	-430.978
Tekjuf. frestaðra tekna	0	-127.892	-127.892	-122.016
Launagjöld	5.555.893	5.609.596	53.703	5.233.032
Önnur rekstrargjöld	2.206.325	2.156.301	-50.024	1.998.410
Afskriftir og vextir	7.473	129.818	122.345	121.896
Ríkisframlag	-7.553.106	-7.791.992	-238.886	-6.699.700
Afkoma, -afgangur	0	-241.764	-241.764	100.644

Í lok árs var nokkuð um frávik annars vegar á fjárhæðum í yfirliti fjárveitinga og hins vegar í rekstrarreikningi. Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2021 var afkoma hjá Skattinum jákvæð um 241,7 millj.kr. Rekstrarniðurstaða ársins 2020 var neikvæð að fjárhæð 100,6 millj.kr.

4.2 Fjárveiting – heimild til fjárfestingar

Skatturinn fékk 144,5 m.kr. fjárveitingu til fjárfestingar á árinu 2021 að meðtöldu millifærðu fjárfestingarframlagi frá Skattrannsóknastjóra. Ónotuð fjárveiting vegna fjárfestinga nam 133,9 m.kr. í upphafi árs en til frádráttar þeirri fjárhæð dregst yfirtekin umframráðstöfun frá Skattrannsóknastjóra 5,0 m.kr. Eignakaup ársins námu 75,7 m.kr. og söluvirði eigna nam 3,5 m.kr. Ónotuð fjárveiting til fjárfestingar nam því 201,2 m.kr. í árslok 2021.

4.3 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar og hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins. Það ferli er í ágætum farvegi hjá Skattinum.

Samkvæmt upplýsingum sviðsstjóra fjármála hjá Skattinum er vel fylgst með þróun tekna og gjalda miðað við fjárhagsáætlun. Samkvæmt svari við fyrirspurn er rekstraráætlun gerð í áætlanagerfi ríkisins, AKRA, þar sem áætlað er niður á einstakar tegundir. Sú áætlun er send ráðuneyti til samþykktar. Eftir samþykki hennar liggur fyrir er sú áætlun skráð inn í fjárhagskerfi ríkisins, Orra. Ráðuneytið hefur samþykkt áætlunina

Í töflu 2 kemur fram sú fjárhagsáætlun, sem stofnunin notaði við fjármálastjórn á árinu. Við samanburð á þeim áætlunum sem koma annars vegar fram í töflu 1 hér að framan og í töflu 2 hér að neðan, verður að hafa í huga þá breytingu sem á árinu var gerð við færslu rekstrartekna og ríkistekna, sem áður hefur verið greint frá.

Tafla 2 Samanburður á fjárhagsáætlun stofnunar og rekstri 2021; áætlun samþykkt af ráðuneyti

Í þús. kr.	Áætlun 2021	Rekstur 2021	Frávik 2021	Rekstur 2020
Rekstrartekjur	-181.000	-217.595	-36.595	-430.978
Tekjuf. frestaðra tekna	0	-127.892	-127.892	-122.016
Launagjöld	5.772.188	5.609.596	-162.592	5.233.032
Önnur rekstrargjöld	2.185.589	2.156.301	-29.288	1.998.410
Afskriftir og vextir	1.801	129.818	128.017	121.896
Ríkisframlag	-7.791.992	-7.791.992	0	-6.699.700
Afkoma, -afgangur	-13.414	-241.764	-228.350	100.644

Með samanburði er reglulega fylgst með fjárhagsáætlun annars vegar og þróun rauntalna hins vegar. Þar sem frávik koma fram er leitað skýringa.

4.4 Niðurstaða

Á árinu 2021 var 241,7 m.kr. tekjuafgangur hjá Skattinum. Hrein eign eða uppsafnaður höfuðstóll er jákvæður um 773,6 m.kr. í lok árs 2021. Ónotuð heimild til fjárfestingar nam 201,2 m.kr. í lok árs 2021.

Við samanburð einstakra liða í rekstrarreikningi þarf að hafa í huga að fjárhæðir eru ekki fullilega samanburðarhæfar þar sem fjárhæðir úr ársreikningi Skattrannsóknarstjóra fyrir árið 2020 vantar.

5 Innra eftirlit

5.1 Inngangur

Ríkisskattstjóri ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits hjá stofnuninni. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum. Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggi viðunandi árangur.

Áhættumat fór fram við endurskoðunina. Slíkt gagnrýnið mat dregur ekki fram neina sérstaka þætti, sem sýnilega gætu valdið fjárhagslegum skaða, mistökum, verulegum skekkjum, sniðgöngu eða sviksemi í starfsemi Skattsins. Þessir áhættuþættir eru þó ávallt fyrir hendi í rekstri, til að mynda í tekjuskráningu, og virkt innra eftirlit í góðu eftirlitsumhverfi er því ákaflega mikilvægt. Öllum fyrirspurnum og ábendingum hefur verið svarað greiðlega af hálfu stjórnenda stofnunarinnar.

Skatturinn er virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi á sviði skatta- og tollamála.

5.2 Almenn umfjöllun

Við mat á innra eftirliti hjá stofnuninni voru fengnar upplýsingar um skipulag, verkaskiptinu og verkferla. Skipurit er fyrir hendi.

Verklagsreglur og gátlistar um fjárhagslegar skuldbindingar, bókhald og greiðslur gjaldareikninga o.fl. eru til staðar, en reglur um áritun gjaldareikninga til samþykkis mættu þó að vera skýrari. Fyrir liggur handbók

m.a. með myndrænni framsetningu og lýsingum á ýmsum ferlum og reglum er varða gerð rekstraráætlunar, afstemmingar, innkaup, risnu, ferðakostnað o.fl. Starfmannahandbók er fyrir hendi.

Vinnustund er notuð við skráningu á vinnutíma starfsfólks. Sérstakur launafulltrúi er til staðar hjá stofnuninni. Upplýsingakerfum og tölvumálum virðist almennt vera vel sinnt.

5.3 Verkaskipting og samþykkt útgjalda

Sviðsstjóri fjármála er yfirmaður bókhalds en sérstakir bókarar eru starfandi sem hans undirmenn. Bókhaldið er skráð hjá stofnuninni. Gjaldkeri er til staðar og greiðsla reikninga fer því einnig fram hjá stofnuninni. Fjársýsla ríkisins annast gerð reikningsskila ársins.

Fyrir hendi eru reglur um áritun gjaldareikninga til samþykkis fyrir greiðslu og verkaskiptingu þar að lútandi. Við úrtaksskoðun fylgiskjala ársins komu þó fram hnökrar á framkvæmdinni, sem gerðar hafa verið athugasemdir við. Brugðist hefur verið við og úrbætur gerðar. Skriflegar reglur í þessu sambandi þurfa að vera skýrar.

Aðgreining starfa virðist vera með eðlilegum hætti hjá stofnuninni. Skipuleg aðgreining við ákvörðun um og samþykkt útgjalda innan stofnunarinnar er afar mikilvægur liður í innra eftirliti.

5.4 Starfsstöðvar

Skatturinn er með sérstakar skrifstofur víða um land. Dreifðar starfsstöðvar gætu haft í för með sér erfiðleika í innra eftirliti. Ekkert hefur þó beinlínis

komið fram sem gefur vankanta til kynna að þessu leyti. Huga þarf þó að þessum dreifðu starfsstöðvum við setningu og framkvæmd reglna um áritanir og samþykki útgjalda.

5.5 Niðurstaða

Ábendingum varðandi innra eftirlit hefur verið komið á framfæri við stjórnendur Skattsins.

6 Fylgni við lög og reglur

6.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur stofnunarinnar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli og samninga þar sem það á við. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 4. Almennt verður ekki annað séð en að rekstur stofnunarinnar hafi í heildina verið í samræmi við reglur og fjárheimildir á árinu.

Helstu lagaákvæði sem ramma inn og móta hlutverk og verksvið Skattsins eru (með síðari breytingum):

- Lög um tekjuskatt, nr. 90/2003.
- Lög um innheimtu opinberra gjalda, nr. 150/2019.
- Lög um virðisaukaskatt, nr. 20/1988.
- Tollalög, nr. 88/2005.

Eftirfarandi þættir útgjalda eru sérstaklega skoðaðir hér.

6.2 Umfjöllun

6.2.1 Ferðakostnaður

Vegna Covid-faraldursins voru ekki farnar margar ferðir til útlanda á árinu 2021. Ferðakostnaður innanlands er þó nokkur. Samtals námu ferðir og uppihald um 16 millj.kr. á árinu 2021 í samanburði við tæpar 15 millj.kr. árið á undan. Ekkert hefur komið fram um annað en að reglum um ferðir og ferðakostnað hafi verið fylgt.

6.2.2 Risna og fundakostnaður

Gjaldaliðurinn fundir, námskeið og risna nam 16,2 millj.kr. á árinu 2021 í samanburði við 36,4 millj.kr. árið á undan. Ljóst virðist vera að Covid-faraldurinn hafi haft talsverð áhrif á fjárhæðir þessara liða á árinu.

Skriflegar reglur eru fyrir hendi í starfsmannahandbók um risnu, ferðakostnað o.fl. útgjaldaliði.

6.2.3 Opinber innkaup

Innkaup rekstrarvöru og önnur almenn vörukaup eru ekki sérlega háir rekstrarliðir hjá stofnuninni. Hún nýtir sér þjónustu Ríkiskaupa þar sem það á við. Hæstu einstöku liðir vörukaupa eru matvæli, almennar rekstrarvörur og orkugjafir.

6.2.4 Innkaupakort

Skatturinn er með í notkun nokkurn fjölda „innkaupakorta ríkisins“. Þessi kort eru yfirleitt 1-2 á hverri starfsstöð, eitt fyrir starfsstöðvarstjóra og annað vegna afleysinga. Kortin eru notuð til að kaupa dagvörur og ódýrar rekstrarvörur. Oft er úttektarheimildin 500 þús. kr., en hún er þó yfirleitt lægri. Innkaupakort eru svo á fjármálasviði og tæknisviði, auk þess sem yfirmenn eru með kreditkort.

Tveir starfsmenn sem sinna ferðum starfsmanna innanlands eða utan eru með kreditkort. Þetta á til að mynda við um ferðir tollvarða til Seyðisfjarðar vegna komu Norrænu. Starfsmenn sem sjá um að panta og greiða fyrir ferðir starfsmanna gera það á grundvelli samþykkrar ferðaáætlunar og -heimildar.

6.2.5 Virðisaukaskattur og endurgreiðslur

Fjársýslan sér alfarið um umsóknir og bókanir endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna sérfræðiþjónustu enda gæti talist að um hagsmunaárekstur væri að ræða, ef Skatturinn myndi sjálfur annast slíka afgreiðslu. Inneign vegna endurgreiðslu VSK færist til eignar á viðskiptareikningi stofnunarinnar hjá ríkissjóði.

6.3 Niðurstöður

Ekki verður annað séð en að Skatturinn fylgi almennt lögum og reglum sem gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana í A-hluta, þ. á m. innkaupa- og reikningsskilareglum. Sjá þó undir kafla 5 um skýrari reglur við áritanir og samþykkt gjaldareikninga.

7 Endurskoðun rekstrarliða

7.1 Tekjur

Við skoðun sértekna og rekstrartekna Skattsins á árinu 2021 kom ekkert það fram, sem gefur til kynna áhættur varðandi vanmat eða frávik. Tekjubókhald og innheimta virðist vera haldin með eðlilegum hætti. Við samanburð fjárhæða á milli áranna 2021 og 2020 er stærsta fráviknið til lækkunar í liðnum „Seld þjónusta“, sbr. m.a. umfjöllun í kafla 8.2 hér á eftir.

Covid-faraldurinn og ráðstafanir honum tengdar hafa haft talsverð áhrif á tekjuhlíð Tollsins. Innheimta tollafgreiðslugjalds féll niður árið 2021.

Tekjur stofnunarinnar árið 2021 námu samtals 8.137,5 m.kr., en þar af er fjárveiting úr ríkissjóði 7.791,9 m.kr. Rekstrartekjur nema 217,5 m.kr. Tekjufærsla vegna frestaðra fjárfestingartekna nemur 127,9 m.kr.

7.2 Tekjur, utan reikningsskila Skattsins

Hluti þeirra tekna sem Skatturinn innheimtir í starfsemi sinni eru ríkistekjur, sem ekki færast til tekna hjá stofnuninni. Þessar tekjur bókast beint á ríkissjóð. Breyting í þessa veru átti sér stað á árinu 2021, enda ber samanburður við tekjur ársins 2020 þessa glöggt merki.

7.3 Kostnaður

Rekstrargjöld stofnunarinnar árið 2021 námu samtals 7.893,8 m.kr. samanborið við 7.353,5 m.kr. árið áður eða hækkun um 540,3 m.kr. á milli ára. Af þessum rekstrargjöldum eru 127,9 m.kr. afskriftir til gjaldfærslu á móti tekjufærslu frestaðra tekna.

Við samanburð fjárhæða á milli áranna 2021 og 2020 verður að hafa í huga, að fjárhæðir úr reikningsskilum Skattrannsóknarstjóra vantar inn í samanburðarfjárhæðirnar.

7.3.1 Launakostnaður

Launakostnaður og tengdir kostnaðarliðir hækka úr 5.233 m.kr. á árinu 2020 í 5.609,6 m.kr. á árinu 2021. Í ársreikningi Skattrannsóknarstjóra fyrir árið 2020 kemur fram, að launakostnaður árið 2020 nam 411,2 m.kr., en þá fjárhæð vantar inn í samanburðarfjárhæð í rekstrarreikningi Skattsins árið 2021. Því verður að líta svo á að engin raunhækkun launakostnaðar hafi átt sér stað á milli áranna 2020 og 2021 hjá stofnuninni. Aðhald í launakostnaði og starfsmannahaldi var viðhaft á árinu.

Almenn launagreining er án athugasemda. Sérstakir launaliðir, svo sem háar auka- eða yfirvinnugreiðslur, voru skoðaðir. Ekki er tilefni til sérstakra athugasemda þar að lútandi. Almennt byggja launasamningar við starfsmenn á stofnanasamningi og lítið er um sérsamninga, nema þá tímabundna samninga vegna sérstakra aðstæðna eða álags.

Meðalfjöldi stöðugilda hjá Skattinum á árinu 2021 var 466,5.

7.3.2 Önnur rekstrargjöld

Annar rekstrararkostnaður nam 2.156,3 m.kr. árið 2021 en var 1.998,4 m.kr. árið 2020. Þessi liður nam 54,2 m.kr. í rekstrarreikningi Skattrannsóknarstjóra fyrir árið 2020. Því er raunhækkun rekstrarkostnaðar á milli áranna 2020 og 2021 ekki mikil. Almennt er þróun rekstrarliða á milli ára skoðuð.

Fylgiskjalaendurskoðun átti sér stað með litlu úrtaki. Afleiddar athugasemdir eða ábendingar koma annars staðar fram í þessari skýrslu. (Kafli 5.3).

Sjá jafnframt kafla 5.3 hér að framan um áritun og samþykktarreglur vegna útgjalda.

7.3.3 Fjármagnsliðir

Fjármagnsgjöld námu 1.995,9 þús.kr. árið 2021 sbr. umfjöllun í kafla 4.1.2 hér að framan. Bókaðar vaxtatekjur námu tæpum 70 þús.kr., en almennt eru vaxtatekjur færðar hjá ríkissjóði.

7.4 Niðurstöður

Tekjuafgangur var rekstri Skattsins á árinu 2021 sem nam 241,8 m.kr. Endurskoðun rekstrarliða stofnunarinnar er án sérstakra athugasemda. Þó er gerð athugasemd við að samanburðarfjárhæðir úr ársreikningi Skattrannsóknarstjóra fyrir árið 2020 eru ekki hluti af samanburðarfjárhæðum í ársreikningi Skattsins fyrir árið 2021.

8 Endurskoðun efnahagsliða

8.1 Efnahagsreikningur

Í árslok 2021 nema eignir samtals 3.890,1 m.kr., skuldir nema 3.116,4 m.kr. og eigið fé er jákvætt um 773,6 m.kr.

8.2 Eignir

Eignfærsla fastafjármuna hefur átt sér stað frá og með árinu 2017 ásamt öðrum breytingum í kjölfar setningar laga um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF). Eignir eru skráðar í eignaskrárkerfi Orra. Afskriftahlutfall er breytilegt milli einstakra flokka eigna, sem er eðlilegt.

8.2.1 Fastafjármunir

Fastafjármunir nema 433,5 m.kr. í árslok 2021 en voru tæpar 459,9 m.kr. í árslok 2020. Fastafjármunir samanstanda að mestu af óefnislegum eignum (hugbúnaði), skrifstofubúnaði, tölvum, tækjum og áhöldum. Staða fastafjármuna er í samræmi við stöðu í eignarskrárkerfi Orra (FA) í árslok 2021. Engin sérstök fjárhæðarmörk hafa verið sett við eignfærslu varanlegra rekstrarfjármuna en slík umræða hefur þó farið fram.

8.2.2 Veltufjármunir

Veltufjármunir í árslok 2021 nema 3.456,6 m.kr. samanborið við 3.204,7 m.kr. í árslok 2020 eða aukning um 251,9 m.kr. Veltufjármunir í árslok 2021 fela í sér kröfur vegna tengdra aðila (ríkissjóður og ríkisaðilar) að fjárhæð 3.187,5 m.kr.

8.2.3 Handbært fé

Handbært fé í árslok 2021 nemur 227,1 m.kr., sem aðallega er varðveitt á tékkareikningum. Þó almenna reglan sé sú, að handbæru fé sé skilað til

ríkissjóðs, er yfirleitt mikið um innborgaðar greiðslur skattkrafna á síðasta degi ársins, oft eftir lokun banka.

8.3 Eigið fé og skuldir

8.3.1 Eigið fé

Hrein eign Skattsins er jákvæð um 773,6 m.kr. í árslok 2021 en var jákvæð um 535,8 m.kr. í árslok 2020. Breyting á höfuðstól nemur 237,8 m.kr. eða sem nemur tekjuafgangi á árinu 2021 að frádregnum neikvæðum höfuðstól embættis Skattrannsóknarstjóra í ársbyrjun 2021.

8.3.2 Skuldir

Skuldir nema 3.116,4 m.kr. í árslok 2021 samanborið við 3.128,7 m.kr. í árslok 2020 eða lækkun um 12 m.kr. milli ára.

Skuldir samanstanda af stöðu við tengda aðila að fjárhæð 759 m.kr., viðskiptaskuldir eru 378,9 m.kr., ýmsar skammtímaskuldir (orlofsskuldbinding o.fl.) 1.343,7 m.kr. Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda nemur 634,7 m.kr.

Viðskiptaskuldir eru að miklu leyti uppgerðar á fyrstu vikum 2022.

Orlofsskuldbinding í upphafi árs 2017, við innleiðingu nýrra laga um opinber fjármál, nam 519,6 m.kr., en í árslok 2021 630,1 m.kr.

8.4 Niðurstöður

Endurskoðun efnahagsliða stofnunarinnar er án sérstakra athugasemda. Þar sem um A-hluta ríkisstofnun er að ræða fer ekki fram sérstakt mat á rekstrarhæfi.

9 Önnur atriði

9.1 Ársreikningur og staðfestingarbréf

Ríkisskattstjóri og sviðsstjóri fjármálasviðs Skattsins hafa undirritað ársreikning stofnunarinnar 2021 svo og staðfestingarbréf stjórnenda rafrænt. Dagsetning áritunar er 3. júní 2022. Engir sérstakir atburðir eftir reikningsskiladag hafa þurft að koma til skoðunar og mats.

9.2 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Skattinum.



Ríkisendurskoðun
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík
Sími 448 8800

postur@rikisendurskodun.is – www.rikisendurskodun.is